## Umbótaáætlun 2021-2023

Unnið út frá niðurstöðum innramats kannana, starfsmannasamtölum, verkefnum síðustu ára, nefndavinnu og ábendingum starfsmanna

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun og skipulag** | | | | | | | Staða okt 2022 |
| | Stefna ME | Stefna skólans og framkvæmd hennar | Skólameistari, (með aðkomu starfsmanna) | Áframhaldandi stefnumótunarvinna þar sem skólastefnan er endurskoðuð og uppfærð reglulega. Gera framtíðarsýn til næstu ára sýnilega. Framtíðarsýnin er í stefnuskjali sem skilað er til ráðuneytis. | 2022 | Árleg endurskoðun | Skipurit uppfært haust 2021. Skil á stefnuskjali haust 2021. Góð einkunn frá MMR. |
| | Stefnur | Aðgerðaáætlanir og stefnur | Skólameistari, mannauðsstjóri, nefndir, | Endurskoða forvarnarstefnu<br>Loftslagsstefna<br>Endurskoðun starfsmannastefnu | 2021-2022 | Lokið/ólokið | Loftslagsstefna klár vor 2022<br>Starfsmannastefna klár vor 2022 |
| | Jafnrétti | Jafnlaunamál, og áhersla á jafnrétti | Mannauðsstjóri, jafnréttisnefnd | Vinna áfram að launajafnrétti með viðhaldi og endurnýjun jafnlaunamerkis | Árlega | Endurnýjun jafnlaunamerkis árlega | Viðhaldsvottun feb 2022<br>Stór úttekt des 2022 |
| | Jafnrétti | Gera tölulegar úttektir á jafnréttismálum | Mannauðsstjóri, jafnréttisnefnd, | Tölulegar úttektir á jafnréttismálum, ákveða | Árlega | Samanburður milli ára | Jafnréttisfulltrúi tekur |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Jafnréttisfulltrúi, áfangastjóri | hvaða þættir skulu teknir út árlega og gera sýnilega. | | | saman í skýrslu. |
| | Jafnrétti | Jafnréttisvika | Jafnréttisnefnd í samstarfi við NME og tengd félög | Virkja félög NME til að gera vikuna meira áberandi og fá þátttöku fleiri nemenda. | Árlega | Vikan metin, hvað gekk vel og hvað má bæta. | Gekk vel, verkefnið heldur áfram |
| | Ráðningar | Jafna hlutfall kynjanna innan stofnunar | Mannauðsstjóri, skólameistari | Eins og kostur er, huga að jöfnun kynjahlutfalls í stofnuninni þar sem mikill meirihluti starfsmanna er kvk. Farið verði engu að síður að lögum og reglum um ráðningar í einu og öllu. | 2022-2024 | Hlutfall kk/kvk starfsmanna innan ME | Staðan haust 2022 KK 25% KVk 75% |
| | Sjálfbærni og umhverfismál | Græn skref og námskrá | Umhverfisnefnd, allir starfsmenn | 5. græna skrefið krefur stöðugrar endurskoðunar á að aðgerðir vegna grænna skrefa haldi. Í ME er líka í gangi þróunarvinna sem miðar að því að gera grunnþætti námskrárinnar, þ.á.m. sjálfbærni, sýnilega í námi nemenda. | Árlega | Metið með tilliti til verkefnisins „Græn skref“ | Áframhaldandi vinna í umhverfismálum. Grænfána verkefni á byrjunarreit |
| | Loftslags og umhverfisstefna | Græn skref og grænt bókhald | Fjármálastjóri ásamt umhverfisnefnd og stjórnendum | Sjá aðgerðaráætlun vegna loftslags- og umhverfisstefnu á heimasíðu | Árlega | Markmið metin árlega | Niðurstöður í skýrslu umhverfis-nefndar að vori |
| | Umhverfismál | Starfsmanna-fundir, | Umhverfisnefnd og allir starfsmenn | Halda flokkunarmálum áfram á lofti og bæta upplýsingar og | Árlegt | Minna óflokkað sorp frá stofnuninni | Virðingarvika 2022 haldin. Gekk vel. |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | samfélagsmiðlar, kennsla | | leiðbeiningar um hvernig á að flokka.<br>Klára innleiðingu flokkunar á heimavist.<br><br>Endur nýting höfð til hliðsjónar við kaup húsmuna og húsgagna í stofunni.<br>Umhverfismálin eru gerð meira áberandi í virðingarviku, hún var síðast haldin í september 2020 | | (mv. grænt bókhald) | Ekki skoðað stöðu úrgangs frá stofnuninni |
| | Grænfáninn | Grænfánaverkefni ME í samstarfi við Landvernd | Umhverfisnefnd og allir kennarar | Grænfánaverkefnið snýst um að auka þátt umhverfisins og umhverfisverndar í námi nemenda. | Árlegt | Umhverfisnefnd metur árlega hvernig til tókst | Í startholum |
| | Grunnþættir menntunar | Grunnþættir menntunar í ME verði gerðir meira sýnilegir í skólastarfinu og mælanlegri | Skólameistari með aðkomu sem flestra | Þróunarverkefni til tveggja ára | 2021-2023 | Lokið/ólokið<br>Tilraunir í mælingum á grunnþáttum menntunar | Fyrsta ári lokið. Áfram unnið með þetta. |
| | Persónuvernd | Innleiðing persónuverndar-laganna | Mannauðsstjóri, persónuverndarfulltrúi ásamt þeim sem vinna með persónuuppl. | Klára að fylla út vinnsluskrá. | Haust 2022 | Lokið/ólokið | Í vinnslu |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skjalamál | Skjalalykill og handbók endurspegla ekki að öllu leiti raunveruleikann | Skjalastjóri, skólameistari, aðrir sem vinna í skjalamálum | Uppfæra skjalalykil og handbók svo hún endurspegli raunveruleikann<br>Bæta skjalastefnu i skjalalykil | 2021-2023 | Lokið/ólokið | Ekki hafið |
| | Skyndihjálpar-námskeið f. starfsmenn | Bjóða upp á skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn | Skólameistari, mannauðsstjóri | Bjóða upp á skyndihjálparnámskeið fyrir starfmenn með reglulegu millibili. Aukið öryggi í fyrstu hjálp nauðsynlegt. | 2021-2022 | Lokið/ólokið | Endurlífgun haust 2021 - unglæknar |
| | Námskeið fyrir almenna starfsmenn | Bæta fjölbreytileika námskeiða fyrir almenna starfsmenn | Skólameistari, mannauðsstjóri | Til að aðstoða almenna starfsmenn í að viðhalda þekkingu og bæta við hana er nauðsynlegt að bjóða oftar upp á námskeið fyrir almenna starfsmenn. | 2021-2023 | Fjöldi námskeiða sem boðið er upp á fyrir alm stm. | Ekki hafið |
| | Heimasíða | Hækka einkunn í úttekt á heimasíðu | Mannauðsstjóri, kerfisstjóri ofl | Fækka brotnum hlekkjum, minnka myndir og vinna að forvörnum svo ekki komi upp sömu vandamál í framtíðinni | 2022 | Einkunn í árlegri úttekt ráðuneytis | Lokið það sem hægt er. Ný einkunn í janúar 2023 |
| | Stytting vinnuvikunnar | Ákveða næstu skref í „betri vinnutími“ | Mannauðsstjóri | Samtöl við alla sem hafa tækifæri á því að „stytta vinnuvikuna“. Ákveða áframhald verkefnis með öllum sem verkefnið á við um. Viðtöl tekin sem hluti af starfsmannasamtölum | 2022 | Lokið/Ólokið | Samtöl farið fram |
| **Kennsla og náms-framboð** | | | | | | | |

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fornám iðnbrauta | Bjóða upp á fornám fyrir iðnbrautir í ME | Skólameistari | Auglýsa eftir verkefnastjóra og hefja kennslu haustið 2022. Vinna undirbúningsvinnuna | 2021-2023 | Lokið/ólokið | Í vinnslu |
| Opnir dagar | Bæta þátttöku og virkni nemenda í opnum dögum | Skólameistari, Opnu daga nefnd | Breyta fyrirkomulagi fardaga (opinna daga) með því að dreifa þeim á vorönnina. Bæta þátttöku og virkni nemenda í opnum dögum | 2021-2022 | Aukin þátttaka nemenda í opnum dögum | Tilraun með nýtt form vor 2022 |
| Endurskoðun brauta/lína | Að nemendur sem útskrifast af tilteknum brautum ME uppfylli inntökuviðmið þeirra aðal-háskólagreina sem heyra tengjast viðkomandi braut. | Skólameistari, áfangastjóri, náms- og starfsráðgjafi, kennslustjórar brauta, kennarar. | Endurskoða brautalýsingar (kjarna, brautarkjarna og línur) og uppfæra í takt við helstu inntökuviðmið háskólanna inn í tengdar námsleiðir. | 2022. | Lokið/ólokið. | Lokið |
| Náms- og starfsráðgjöf/ Náms- og starfs-fræðsla | Að tryggja að sem flestir nemendur ME fari sem öruggastir og vel undirbúnir í frekara nám eða störf. | Náms- og starfsráðgjafi, nemendaþjónusta, rýnihópur nemenda. | Að móta heildræna stefnu í náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur ME til að tryggja aðgengi þeirra að mikilvægum upplýsingum er varða náms-og starfsferilinn til að tryggja markvissari og öruggari skref í nám og nám og störf utan ME. Hluti af þeim skrefum er að koma upplýsingunum nær nemendum með að setja upp áfanga á CANVAS í a) | 2022-2023 | Nemendakönnun. Færri nemendur sem koma aftur inn í framhaldsskólakerfið því þeir ná ekki inntökuskilyrðum í fyrirhugaðar námsleiðir. | Vinna hefst haustið 2022 og stefnt á að henni verði lokið vorið 2023. |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | tímastjórnun og námstækni, b) lesblindu og lestrarerfiðleikum og c) nám og störf eftir ME. | | | |
| | Áfangi í CANVAS í tímastjórnun og námstækni | Að nemendur geti eflt sig í tímastjórnun og námstækni á sínum tíma og forsendum. | Náms- og starfsráðgjafi, nemendaþjónusta, kennslustjóri tungumála. | Setja upp áfanga á CANVAS þar sem nemendur geta aflað sér upplýsinga, mátað sig við og valið leiðir sem henta. Allir nemendur geta skráð sig í áfangann og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að ljúka öllum verkefnum. | 2022. | Með reglulegri endurskoðun og e.t.v. áfangamati. | Í vinnslu |
| | Áfangi í CANVAS um lesblindu og lestrarerfiðleika | Að nemendur með lesblindu fái tækifæri til að fræðast um lesblindu og tæknimöguleika sem hægt er að nýta til gagns í námi og daglegu lífi, á sínum tíma og eigin forsendum. | Náms- og starfsráðgjafi, nemendaþjónusta. | Setja upp áfanga á CANVAS sem miðar að því að fræða um lesblindu, orsakir, einkenni og mögulegar leiðir, m.a. tæknilausnir sem hægt er að nýta til valdeflingar og betri námsárangurs. Allir nemendur með lestrar örðuleika geta skráð sig í áfangann og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að ljúka öllum verkefnum. | 2022. | Með reglulegri endurskoðun og e.t.v. áfangamati. | Í vinnslu |
| | Áfangi í CANVAS um náms- og starfsferilinn að ME loknum | Að hámarka líkurnar á að sem flestir nemendur ME séu sem best í stakk búin til að taka skrefin út í lífið eftir nám í ME, viti hvert stefnan liggur og | Náms- og starfsráðgjafi, nemendaþjónusta. | Setja upp áfanga á CANVAS sem heldur utan um um námsefni og upplýsingar sem snúa að áhugasviðum, styrkleikum, ákvörðunartöku, framboði á námsleiðum að ME loknum hérlendis sem og erlendis, inntökuviðmiðum háskólanna, upplýsingar um | 2022-2023. | Með reglulegri endurskoðun og e.t.v. áfangamati. | Í vinnslu |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | uppfylli þau skilyrði sem þau þurfa fyrir frekara nám. | | vinnumarkaðinn, náms- og starfsumsóknir, ferilskrárgerð, hvatabréf, ferilmöppu o.fl. Markmiðið er að þau geti aflað sér þessara upplýsinga á skýran og aðgengilegan hátt, á eigin forsendum og tíma, og mátað sig við og valið leiðir sem hentar hverju og einu. Allir nemendur sem stefna á námslok á brautum ME innan árs hafa tækifæri til skrá sig í áfangann þegar þau kjósa og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að klára öll verkefni áfangans. | | | |
| **Samskipti og líðan** | | | | | | | |
| | Skólabragur | Stuðla að bættum skólabrag, liðsheild og líðan nemenda. | Heilsueflingar- og skólabragsnefnd ásamt aðkomu sem flestra starfsmanna | Samvinna skólabrags- og heilsueflingarnefndar og nemendaráðs til að stuðla að auknum sýnileika skólans út á við og auka á helgun ólíkra nemendahópa við skólann sinn. | Þróunarverkefni 2021-2023. | Ánægja nemenda með skólabrag í nemendakönnun/Skólapúls. | Í vinnslu |
| | Ánægja og líðan starfsmanna | Einelti | Skólameistari, mannauðsstjóri, nemendaþjónusta | Fylgja eftir eineltisáætlun skólans með reglubundnu innleggi til starfsmanna skólans. | 2019 -2022 | Mæling á tíðni eineltis meðal starfsmanna í Starfsmannakönnunum. | Umræður og fræðsla á starfsdögum vorið 2022 |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | Gert félagslegt áhættumat vorið 2022 Eineltis stefna og aðgerðar áætlun endurskoðuð vor 2022 Frekari forfarnir í vinnslu |
| | Samstarf nýliða | Bæta samstarf nýliða og aðstoða við að efla sig í starfi | Mannauðsstjóri | Vera með nýliðakaffi 1x í mánuði þar sem farið er yfir það sem vel er gert, spjallað um hvað má betur fara og ýtt undir jafningjastuðning. Liður skref í að stuðla að öflugra lærdómssamfélagi í ME | 2021-2022 | Starfsánægja Mat á verkefni í lok þess | Verkefni í vinnslu áfram 2022-2023 |
| | Félagslíf starfsmanna | Búbótarstarfið, líðan og samheldni starfsmanna | Stjórn Búbótar | Gott starf Búbótar léttir lund og þjappar saman starfsmönnum. Mikilvægt að það sé eitthvað gert alla mánuði skólaársins.<br>Koma til móts við sem flesta starfsmenn í starfi Búbótar með fjölbreyttri dagskrá.<br>Finna leiðir til að sinna félagslífi starfsmanna þrátt fyrir Covid. | Ótímabundið | Metið í starfsánægju | Í gangi. |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Húsnæði og aðbúnaður** | | | | | | | |
| | Ásýnd skólans úti og innan | Gera húsnæði skólans eins gott til síns brúks og mögulegt er | Húsvörður Skólameistari Starfsmenn | Sjá til þess að regluleg endurnýjun eigi sér stað á tækjum og tólum í ME auk þess sem viðhald skólans verð eins gott og kostur er | Ótímabundið | Reglulegar úttektir á búnaði og ásýnd húsnæðis ME | Lokið í bili |
| | Lýsing | Bæta lýsingu að innan og utan | Húsvörður, skólameistari | Lýsa upp skólann að utan og klára að skipta út flúorperum í skólanum fyrir led | 2020-2022 | Lokið/ólokið | Í vinnslu |
| | Fegrun byggingar | Áætlun um fegrun byggingar | Skólameistari ofl. | Mikið er af fallegum listaverkum í skólanum en skoða mætti heildar útstillingu listaverka í skólanum og ákveða staðsetningar (nýjar eða gamlar) og bæta við þar sem við á. | 2020-2022 | Lokið/ólokið | Lokið |
| | Loftræsi mál í heimavistarhúsi | Bæta loftræsi mál í heimavistarhúsi, sér í lagi útsog. | Umsjónarmaður húsa í samstarfi við skólameistara og ríkiseignir | Bæta loftræsingu í anddyri/kennslustofugangi og í matssal/eldhúsi. Hreinsun á kerfinu. | 2022 - 2024 | Mæling og eftirlit með loftgæðum | Í vinnslu |
| **Vinnu-verndar-þættir** | | | | | | | |
| Meðal áhætta | Vinnuverndar-starf | Reglulegar skoðunarferðir um vinnustaðinn og úrvinnsla úr þeim | Mannauðsstjóri, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður, skólameistari | Festa fundi í öryggisnefnd til að yfirfara punkta úr skoðunarferðum öryggistrúnaðarmanns og öryggisfulltrúa | 2020-2021 | Lokið/ólokið Meta virkni vinnuverndarstarfs í ME | Einhverjar skoðunarferðir voru farnar, en þarf að festa betur í sessi. |

| | Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Hver vinnur | Tillögur til umbóta | Tímarammi | Hvernig á að meta | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítil áhætta | Fræðsla um vinnuvernd | Skipulögð vinnuverndar fræðsla | Mannauðsstjóri | Skipuleggja líkamsbeitinganámskeið og námskeið í notkun ræstiefna | 2022-2023 | Lokið/ólokið | Ekki hafið |
| Áhættu-stig hátt | Rafmagnssnúrur | Fjöltengi liggja yfir gólf í einstaka kennslustofum vegna skorts á tenglum | Umsjónarmaður húsa, skólameistari | Leggja þarf rafmagn í loftið td eftir stálvírum og láta koma niður í stað þess að láta snúrur liggja á gólfi. | Skólaárið -2020-2023 | Lokið/ólokið | Er í vinnslu frá H20 |